

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 105/2020.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, töluliður 7, svohljóðandi:

7. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/229 frá 7. janúar 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Búrkína Fasó, Cayman-eyjum, Haítí, Jórdaníu, Malí, Marokkó, Filippseyjum, Senegal og Suður-Súdan í töfluna í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2018 frá 5. desember 2018 og fjarlægja Bahamaeyjar, Botsvana, Gana, Írak og Míritíus úr töflunni. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, 21. apríl 2022, bls. 345.

2. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd, sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð nr. 105/2020, tekur breytingum til samræmis við þær breytingar sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar. Listinn er birtur sem fylgiskjal við reglugerð þessa þannig breyttur.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 14. júní 2022.

Jón Gunnarsson.

Haukur Guðmundsson.

Fylgiskjal.

**Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,
sbr. framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675
með síðari breytingum.**

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Barbados
3	Búrkína Fasó
4	Kambódía
5	Cayman-eyjar
6	Haití
7	Jamaíka
8	Jórdanía
9	Malí
10	Marokkó
11	Myanmar (Mjanmar)/Búrma
12	Níkaragva
13	Pakistan
14	Panama
15	Filippseyjar
16	Senegal
17	Suður-Súdan
18	Sýrland
19	Trínidad og Tóbagó
20	Úganda
21	Vanúatú
22	Jemen
23	Simbabve

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniaðstoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaáðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea

B-deild – Útgáfudagur: 16. júní 2022